



Borgarstjórnin í Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/256*  
*komudagur 24.11.2003*

Reykjavík, 19. nóvember 2003  
R03100099  
175  
ÓKH/isd

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

***Frumvarp til laga um fjáröflun til vegagerðar - umsögn***

Á fundi borgarráðs 18. þ.m. var lögð fram umsögn borgarverkfræðings frá 17. s.m. varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjáröflun til vegagerðar og lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 15. f.m.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Þórólfur Arnason

Samrit:  
Borgarverkfræðingur

R03100099  
175



## Umsögn til borgarráðs

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.**

### I. Kafli

Breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í 1., 2. og 3. grein I. kafla frumvarpsins, enda liggja ekki þær forsendur fyrir sem að baki þeirra eru.

Lagt er til að síðasta málsgrein 1. gr. laga nr. 3/1987 verði svohljóðandi:

*Bifreiðar erlendra sendisveita, bifreiðar erlendra ræðismanna sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar, belta- og námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum og almenningsvagnar í áætlunarferðum eru undanþegnar skattskyldu.*

Lagt er til að í 4. gr. sömu laga verði setningin “Þungaskattur skal vera 70% lægri af akstri almenningsvagna í áætlunarferðum” felld niður.

### II. Kafli

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í 4. og 5. grein II. kafla frumvarpsins, enda liggja ekki þær forsendur fyrir sem að baki þeirra eru.

Lagt er til að 4. gr., tölulíður 1a, laga nr. 29/1993 verði svohljóðandi:

1. Eftirtalin ökutæki skulu undanþegin vörugjaldi:
  - a. Hóþferðabifreiðar og almenningsvagnar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum öikumanni.

## Almennt um frumvarpið:

Talsvert hefur verið fjallað um hlutverk og hlutdeild almenningsgangna, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, og þá sérstaklega út frá því sjónarmiði með hvaða hætti mætti auka hlutdeild slíkra gangna í daglegum ferðum og amstri fólks. Aukin hlutdeild almenningsgangna leiðir til hlutfallslega minni notkun einkabíla, sparnaðar í viðhaldi gatna, auk þess að geta orðið til þess að seinka megi framkvæmdum við stór og kostnaðarsöm umferðarmannvirki um einhvern tíma, mannvirki sem að mestu eða öllu leiti eru greidd úr sjóðum ríkisins. Jafnframt þessu er ljóst að ekki verður mikið aukið við flutningsgetu stofnbrauta í eldri hverfum borgarinnar án stórkostlegra raskana á því umhverfi sem fyrir er.

Í þingsályktunartillögu um fjögurra ára samgönguáætlun 2003 – 2006 kemur fram eftirfarandi grein:

### 1.1 Markmið um greiðari samgöngur.

#### Verkefni:

- a. Farið yfir tilhögun og fjármögnun almenningsgangna í þéttbýli í samráði við sveitarfélög og fjármálaráðuneyti.


Í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni um samgönguáætlun 2003-2014 kemur jafnframt eftirfarandi fram í lið 1.1. Stefnunótun samgönguáætlunar:

**Almenningsgangur í þéttbýli hafa verið á hendi sveitarfélaga. Ríkið hefur styrkt sveitarfélögin við þetta verkefni með því að endurgreiða þeim meirihluta þeirra gjalda sem lögð eru á þessar gangur af hálfu ríkisins. Frekari stuðningur er æskilegur og ætti að stefna að því að ríkið endurgreiði álögð gjöld að fullu. Lagt er til að í samráði við sveitarfélög verði farið yfir fyrirkomulag og kostnað við almenningsgangur í þéttbýli.**

Því er farið þess á leit að ríkið hrindi nú þegar í framkvæmd þeim markmiðum sínum að endurgreiða sveitarfélögum að fullu álögð gjöld vegna almenningsgangna.

Jafnframt er hér með lagt til að ríkið, í samráði við sveitarfélögin, fari yfir fyrirkomulag og kostnað við almenningsgangur í þéttbýli með mögulega aðkomu að stofnkostnaði þeirra í huga.

Reykjavík 17. nóvember 2003

  
Björn Ingi Sveinsson,  
borgarverkfræðingur.